



Stytting námstíma til stúdentsprófs

Skýrsla
2018

Formáli

Stytting námstíma til stúdentsprófs með því að stytta framhaldsskólann um eitt ár, er einhver mesta breyting sem gerð hefur verið á íslenska framhaldsskólakerfinu. Allt frá því að fyrstu tillögur að styttingu náms til stúdentsprófs komu fram hafa verið skiptar skoðanir meðal kennara og annarra sem að menntamálum koma. Nú þegar breytingarnar eru við það að ganga um garð er loksins hægt að fara að leggja mat á hvernig til hefur tekist.

Haustið 2015 hóf fyrsti árgangurinn nám á þriggja ára námbrautum við Verzlunarskólann og útskrifaðist þremur árum síðar, vorið 2018. Á sama tíma útskrifuðust síðustu nemendur í fjögurra ára náminu. Miðað við umfang breytinganna hefði skólinn talið eðlilegt að yfirvöld menntamála hefðu notað þetta einstaka tækifæri og gert úttekt á því hvernig til hefði tekist. Það fórst því miður fyrir og var því ákveðið að skólinn gerði sjálfur úttekt á þessum útskriftarárgöngum. Til þess að auka áreiðanleika var ákveðið að leyta til utanaðkomandi fyrirtækis, Maskínu, við gerð úttektarinnar.

Ég vil þakka öllum þeim starfsmönnum skólans sem komu að undirbúningi þriggja ára námsins fyrir þeirra þátt, því án aðkomu þeirra hefði þetta aldrei getað gengið jafn vel eins og raun ber vitni.

Ingi Ólafsson
Skólastjóri

Inngangur

Í mörg ár hefur verið rætt um að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár og þá með því að stytta framhaldsskólann úr fjórum árum í þrjú. Þetta kom til að mynda fram í skýrslu Nefndar um mótun *menntastefnu* sem kom út árið 1994. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur æ síðan haldið þessari hugmynd á lofti auk þess sem atvinnulífið hefur ítrekað bent á hagræði þess að nemendur komi fyrr út á atvinnumarkaðinn líkt og í samanburðarlöndunum. Haustið 2004 gaf menntamálaráðuneytið út skýrslu sem heitir *Breytt námsskipan til stúdentsprófs, aukin samfella í skólastarfi*. Þar var lagt til að námsefni í byrjunaráföngum framhaldsskólans í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku færðist að mestu leyti til grunnskólans enda ætti svigrúm að hafa skapast í grunnskólum til aukinna verkefna með lengingu daglegs kennslutíma og lengingar skólaársins á undanförunum árum. Í árslok 2006 var gefin út ný aðalnámskrá grunnskóla. Við endurskoðun hennar var þess gætt að inntak fyrsta framhaldsskólaáfangs í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku væri innifalið í hæfniviðmiðum grunnskólanámskrárinnar. Það má því segja að þarna hafi verið stigið skref í styttingu framhaldsskólans.

Á vormánuðum árið 2013 fékk skólastjóri Verzlunarskólans það verkefni frá skólanefnd að athuga hvort ekki mætti stytta námstíma til stúdentsprófs og þá þannig að Verzlunarskólinn yrði þriggja ára skóli. Það að stytta framhaldsskóla landsins um eitt ár hafði lengi verið í umræðunni, eins og nefnt var hér að ofan, og sitt sýndist hverjum. Í fyrstu var skólastjóri ekki alveg á því að þetta væri rétt leið enda auðvelt að sannfærast um að námsefni fjögurra ára komist ekki fyrir á þremur árum. Hins vegar komst hann fljótt að því að andstaða hans helgaðist aðallega af því að hafa ekki skoðað málið nægjanlega vel frá öllum hliðum.

Það varð strax ljóst að eitthvað af námsefni yrði að skera niður. Stúdentsprófið hafði fram að þessu verið 140 einingar (reyndar voru nemendur skólans með 3 – 4 einingar umfram). Fjöldi eininga á einstaka brautum er sýndur í *töflu 1*. Það voru nokkur lykilatriði sem hjálpuðu til við að styttingin væri yfirhöfuð framkvæmanleg. Í fyrsta lagi var það ákvæði í kjarasamningum frá því 2014 þar sem kveðið var á um að skólaárið skyldi lengt um 5 daga og að skil milli prófatíma og kennslutíma skyldu rofin. Nokkur hópur kennara innan skólans hafði þegar óskað eftir því að auka símat í sínum áföngum og þar með sleppa lokaprófum. Með þessu móti var hægt að fækka prófdögum í 25 á önn sem voru 30 áður og þar með fjölga kennsludögum um alls 10 á ári. Í öðru lagi var gert ráð fyrir að fjórir grunnáfangar í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku væru komnir í grunnskólann eins og greint var frá hér að ofan, en það jafngildir 12 einingum. Nemendur fengu tvær einingar á ári í íþróttum og með því að fækka námsárum um eitt þá fækkar einingum sjálfkrafa um tvær. Þá voru eftir 126 einingar. Ljóst var að þjappa þyrfti saman námsefni þar sem hægt væri og einnig að forðast tvítekningar á sama efni. Í því ljósi var fækkað um þrjár einingar í náttúruvísindum og viðskiptagreinum á öllum brautum. Þá voru eftir 120 einingar sem jafngilda um 207 nýjum einingum. Ákveðið var því að skipuleggja stúdentsprófið sem 207 nýjar framhaldsskólaeiningar.

Haustið 2013 hófst vinnan við skipulag nýrra námsbrauta formlega með aðkomu rúmlega 50 starfsmanna skólans. Kennarar voru ekki endilega allir sammála því að stytta skólann um eitt ár en allir unnu þetta verk af fullum heilindum og fagmennsku og eiga þakkir skyldar. Þessari vinnu lauk svo í lok ársins 2014 þegar skólinn sendi Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fjórar stúdentsprófsbrautir til staðfestingar. Fyrstu nemendur sem innrituðust í þriggja ára nám til stúdentsprófs hófu nám haustið 2015 og útskrifuðust vorið 2018.

Námsskipulag í fjögurra ára kerfinu

	Náttúrufræðibraut			Viðskiptabraut	
	Alþjóðabr.	Eðlisfr.	Líffr.	Hagfr.	Viðskipta.
Íslenska	15	15	15	15	15
Stærðfræði	12	27	21	21	18
Danska/nor/sæn	6	6	6	6	6
Enska	18	9	9	15	15
Þriðja mál	15	12	12	12	12
Saga	9	6	6	9	9
Samfélagsgreinar	15				
Landafræði	3				
Náttúruvísindi	9	9	9	9	9
Eðlisfræði		12	6		
Efnafræði		6	12		
Jarðfræði		3	3		
Líffræði		3	12		
Íþróttir	8	8	8	8	8
Lífsleikni	2	2	2	2	2
Tölvunotkun	6	3	3	6	6
Forritun		3			
Vélitun	1	1	1	1	1
Viðskiptagreinar	15	9	9	31	34
Lögfræði	3	3	3	3	3
Val	6	6	6	6	6
Samtals einingar	143	143	143	144	144

Tafla 1

Skipulag

Þegar kom að því að skipuleggja brautirnar var ákveðið að vera með sömu þrjár brautirnar áfram en einnig að breikka námsframboðið og höfða þannig til stærri hóps nemenda. Skipað var í fjóra vinnuhópa, einn fyrir hverja braut, þ.e. alþjóðabraut, náttúrufræðibraut, viðskiptabraut og svo það sem kallað var í upphafi *opin braut*. En hugsunin með þeirri síðasttöldu var að breikka námsframboð og gefa starfsfólki kost á að koma með nýjar hugmyndir varðandi námsframboð skólans. Lögð var áhersla á að í öllum hópum væru kennarar úr sem flestum greinum sem kenndar eru við skólann. Þetta var gert til að sem flest sjónarmið kæmu fram. Opna brautin varð fljótt að *nýsköpunar- og listabraut* eftir tillögu frá vinnuhópi brautarinnar. Þá var ákveðið að bjóða upp á *ferðamála*linu innan alþjóðabrautar og viðskiptabrautar og *tölvulínu* innan náttúrufræðibrautar, sbr. töflu hér að neðan.

alþjóðabraut	nýsköpunar- og listabraut	náttúrufræðibraut	viðskiptabraut
<ul style="list-style-type: none"> • alþjóðasamskipti • félagsvísindi • ferðamála 	<ul style="list-style-type: none"> • sviðslistir • sjónlistir 	<ul style="list-style-type: none"> • eðlisfræðilína • líffræðilína • tölvulína 	<ul style="list-style-type: none"> • hagfræðilína • viðskiptalína • ferðamála

Hugmyndin með *ferðamálalínu* og *tölvulínu* var m.a. að svara kalli atvinnulífsins. Meðal forsvarsmanna í atvinnulífinu hefur lengi verið bent á að vöntun er á starfsfólki með menntun á þessum sviðum og góð atvinnutækifæri felist í tækni- og ferðamálageiranum.

Þegar verið var að skipuleggja námsframboð á einstaka brautum var horft til aðgangsviðmiða háskólanna. Háskólum hafði verið gert að setja fram aðgangsviðmið fyrir allar deildir til að auðvelda framhaldsskólum að skipuleggja þriggja ára nám til stúdentsprófs. Lögð var rík áhersla á að nemendur af öllum brautum ættu greiða leið í háskóla og gætu undirbúið sig sérstaklega fyrir nám í ákveðnum deildum. Skýrustu kröfur háskólanna eru gerðar til nemenda sem stefna á raungreinar, verkfræði og tengdar greinar. Náttúrufræðibrautinni er ætlað að búa nemendur undir nám í þessum greinum og er því bundnust af hæfniviðmiðunum. Óneitanlega var um ákveðinn niðurskurð á námsefni að ræða. Áður tóku t.a.m. allir nemendur þrjá grunnáfanga í viðskiptagreinum (bókfærslu, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði). Niðurstaðan varð sú að þeir voru allir felldir út en tveir búnir til í staðinn. Svipaða sögu er að segja um náttúruvísindaáfangana þrjá (jarðfræði, líffræði og eðlis-og efnafræði) sem allir nemendur tóku. Þeir voru felldir út og tveir nýir búnir til sem eru kenndir á öllum brautum nema náttúrufræðibraut, þar voru nátt. áfangarnir felldir út enda um tvítekingu að ræða. Einnig var fækkað um einn áfanga í þriðja máli. Nemendum stendur þó til boða að bæta við sig áföngum í öllum þessum greinum sem valgrein.

Það kom fljótt í ljós að áhugi fyrir námsleiðunum var mismikill og á endanum var ákveðið að gera nokkrar breytingar og einfalda námsframboðið, sbr. tafla hér að neðan. Þetta kom nokkuð á óvart í ljósi ákalls atvinnulífsins um t.d. námsframboð í tæknigreinum.

alþjóðabraut <ul style="list-style-type: none"> • alþjóðasamskipti 	nýsköpunar- og listabraut <ul style="list-style-type: none"> • sviðslist/sjónlist 	náttúrufræðibraut <ul style="list-style-type: none"> • eðlisfræðilína • líffræðilína 	viðskiptabraut <ul style="list-style-type: none"> • hagfræðilína • viðskiptalína
--	---	---	---

Uppbygging allra brauta er eins:

- sameiginlegur kjarni – 97 einingar
 - hér er um að ræða alla þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum.
- brautarkjarni – 60 einingar
 - hér er um að ræða 12 fimm eininga áfanga sem einkenna hverja braut fyrir sig
- pakkar og val – 50 einingar
 - þessi partur samanstendur af sex áföngum, fimm einingar hver, og fjórum valáföngum. Tveir af valáföngunum eru í bundnu vali og geta nemendur valið tvo af fjórum áföngum til að búa sig enn betur fyrir frekara nám tengt brautarvalinu og síðan eru tveir áfangar í frjálsu vali.

Úttekt á þriggja ára náminu

Stytting námstíma til stúdentsprófs er einhver sú mesta breyting sem gerð hefur verið á íslensku framhaldsskólakerfi. Vorið 2018 útskrifaðist síðasti árgangurinn í fjögurra ára námi og sá fyrsti í þriggja ára námi. Hér var kjörið tækifæri á að gera samanburð á þessum tveimur hópum. Það var ljóst að ráðuneytið eða aðrir aðilar innan menntageirans höfðu ekki hug á að nýta tækifærið og gera úttekt á þriggja ára náminu nú þegar þessir tveir árgangar útskrifuðust á sama tíma. Það var því ákveðið að skólinn gerði það sjálfur.

Þrátt fyrir að fylgst hafi verið vel með þróun námsins og reynt að lagfæra strax það sem mátti útfæra betur þá var mikill vilji meðal stjórnenda og kennara að gerð yrði ítarleg úttekt á náminu í ljósi þess að vorið 2018 útskrifaðist fyrsti hópurinn í þriggja ára námi og sá síðasti í fjögurra ára námi. Lagt var upp með að í úttektinni kæmu fram viðhorf nemenda og kennara til hvorrar námsleiðar og að auki yrðu borin saman þekkingarviðmið útskriftarnemenda m.a. með samræmdu prófi. Úttektin skiptist í eftirfarandi þætti:

- „samræmd“ próf í stærðfræði og íslensku lögð fyrir báða hópa útskriftarnema
- samanburður á niðurstöðum sameiginlegra lokaprófa með báðum árgöngum
- spurningalisti lagður fyrir nemendur sem þreyttu prófin í stærðfræði og íslensku
- spurningalisti lagður fyrir 40 kennara sem kennt höfðu báðum hópum
- rýnihópaviðtöl við hóp kennara
- rýnihópaviðtöl við nemendur í þriggja ára námi og fjögurra ára námi.

Til að tryggja faglega og hlutlausa sýn á úttektina voru sérfræðingar frá fyrirtækinu Maskínu fengnir til aðstoðar.

Samræmd próf í stærðfræði og íslensku

Stærðfræði og íslenska hafa löngum þótt helstu undirstöðunámsgreinar á öllum skólastigum. Til að mynda hafa einkunnir nemenda úr grunnskóla, í þessum tveimur greinum, haft hvað mest forspárgildi um það hvernig nemendum muni vegna í Verzlunarskólanum. Einnig er það áberandi að flestar deildir háskólanna leggja mesta áherslu á færni nemenda í stærðfræði og íslensku í sínum aðgangsviðmiðum.


Til að meta stöðu nemenda í íslensku og stærðfræði var ákveðið að leggja sama próf fyrir nemendur sem voru að ljúka stúdentsprófi eftir þriggja ára nám annars vegar og fjögurra ára nám hins vegar. Með þessu vildum við reyna að leggja mat á það hvort greina mætti mun á færni nemenda í þessum grunngreinum eftir því hvort þeir væru að ljúka þriggja eða fjögurra ára námsleið. Skólinn fékk aðgang að samræmdum stúdentsprófum hjá Menntamálastofnun, sem samin voru árin 2005 og 2006. Kennarar skólans völdu síðan spurningar úr þessum prófum og bjuggu einnig sjálfir til nokkur verkefni með hliðsjón af því námsefni sem nemendur höfðu farið í gegnum í skólanum. Ákveðið var að hafa hvort próf um sig klukkutíma að lengd. Prófin voru síðan lögð fyrir nemendur fyrsta kennsludag eftir páskaleyfi vorið 2018. Nemendur voru ekki skyldaðir til að mæta, en eindregið hvattir til að taka þátt. Fyrirfram höfðum við áhyggjur af því að nemendur myndu hundska prófin, en svo var ekki. Reynt var að höfða til þess að nú væru þeir að aðstoða skólann við að meta gæði menntunar þeirra miðað við þær breytingar sem höfðu verið gerðar. Nemendur fengu gátlista yfir þau efnisatriði sem prófað yrði úr en þeim var jafnframt tilkynnt að krafa um undirbúning væri ekki skilyrði fyrir próftöku. Að lokum var þeim tilkynnt að þeir fengju

einingu ef þeir stæðust prófin með að lágmarki 5. Segja má að mæting hafi verið nokkuð góð, en tæp 70% nemenda mættu í prófið eða um 370 manns, 75% nemenda í þriggja ára námi og 63% nemenda í fjögurra ára námi. Allir tóku sama prófið. Tekið skal fram að slök frammistaða nemenda á alþjóðabraut og nýsköpunar- og listabraut skar sig út í stærðfræðihlutanum og lítið mark takandi á niðurstöðum þeirra í þeim hluta. Stærðfræðikennarar höfðu bent á að þessar brautir hefðu færri einingar í stærðfræði á sinni námsleið auk þess sem stærðfræðiáfangarnir raðast á fyrstu þrjár annirnar. Raunin var sú að nemendur af þessum brautum lögðu sig lítið fram í stærðfræðinni. Í þessari samantekt er þessum brautum sleppt í öllum samanburði í stærðfræðinni. Hins vegar lögðu þau sig fram í íslensku hlutanum og eru þar inni í öllum tölum. Mæting í prófið eftir brautum er sýnd í töflu 2.

	viðskiptabraut		náttúrufræðibraut	
	viðsk.	hagfr.	líffr.	eðlisfr.
3. ár	57,7%	76,9%	80,8%	88,5%
6. bekkur	45,7%	84,6%	61,1%	80,0%

Tafla 2

Kennarar skólans fóru yfir prófin, sem voru krossaprófi. Dreifing einkunna í stærðfræði hjá nemendum á viðskipta- og náttúrufræðibraut beggja árganga er sýnd á mynd 1.



Mynd 1

Meðaleinkunn nemenda á 3. ári (þriggja ára nám) var 6,0 og 5,4 hjá 6. bekk (fjögurra ára nám). Meðaleinkunn á einstaka brautum og línunum er að finna í töflu 3.


	viðskiptabraut		náttúrufræðibraut	
	viðsk.	hagfr.	líffr.	eðlisfr.
3. ár	4,9	5,7	6,1	7,5
6. bekkur	3,5	5,0	5,6	7,3

Tafla 3

Af niðurstöðunum má sjá að nemendur sem luku stúdentsprófi eftir þrjú ár eru hærri á öllum brautum. Nemendur á viðskiptalínu viðskiptabrautar í fjögurra ára náminu gerðu athugasemdir við það að vera bornir saman við aðra sem þreyttu stærðfræðihlutann og bentu réttilega á að það væri

Það langt um liðið frá því þeir voru í stærðfræðiáfangi síðast (eitt ár) og að þau væru búin að gleyma mjög miklu og hefðu ekki undirbúið sig fyrir prófið. Einnig ber að taka fram að í þriggja ára námið innrituðust 280 nemendum á meðan þeir voru 335 í fjögurra ára. Munurinn á fjölda nemenda var mestur á viðsk.línu þar sem nemendur í 3. ára námi voru mun færri en í 6. bekk. Þar sem tekið er inn í skólann á grundvelli einkunnna má ætla að fyrir vikið hafi almennt námslega sterkari hópur verið á viðsk.línu í þriggja ára náminu.

Á súluritinu hér að neðan er sýnd einkunnadreifing í íslensku hjá nemendum á öllum brautum.



Mynd 2

Í íslensku hlutanum voru árgangarnir með sömu meðaleinkunn eða 6,5 og enginn merkjanlegur munur á dreifingu einkunnna.


	alp./nýsk- og list	viðskiptabraut		náttúrufræðibraut	
		viðsk.	hagfr.	líffr.	eðlisfr.
3. ár	6,0	6,7	6,4	6,6	6,4
6. bekkur	6,4	5,8	6,4	6,7	6,9

Tafla 4

Þegar litið er til einstakra brauta sést að ekki er einhlítt að annar árgangurinn sé hærri en hinn í íslensku, sjá *töflu 4*. Námsviðmiðin eru þau sömu hjá öllum brautum og enginn munur var á milli árganga hvenær síðasti áfanginn í íslensku var þreyttur. Aftur reyndist mestur munur á milli árganga á viðskiptabraut á viðskiptalínu og ber þá að líta til þess að þar voru færri nemendur teknir inn og meðaleinkunn þeirra töluvert hærri við innritun í 3. ára námið, sbr. hér að ofan.

Samanburður á lokaprófum


Þrátt fyrir að námið hafi að miklu leyti verið endurskipulagt í þriggja ára námsleiðinni er þar að finna áfanga sem héldust nánast óbreyttir frá eldra fyrirkomulagi. Í þeim tilvikum sem báðir árgangar þreyttu sama/sambærilegt próf á síðasta ári sínu í Verzlunarskólanum var hægt að gera samanburð. Hér má sjá niðurstöður úr lögfræði og lokaáfanga í stærðfræði og íslensku.



Mynd 3


Mynd 3 sýnir niðurstöður prófa í íslensku. Um er að ræða síðasta áfangann hjá flestum nemendum skólans á síðasta ári. Hér sést að nemendur í þriggja ára námi koma betur út, og eru 0,5 hærrí meðaleinkunn.

Síðasti stærðfræðiáfangi sem nemendur á náttúrufræðibraut – eðlisfræðisviði taka er á fjórða þrepi. Það voru 55 nemendur í fjögurra ára hópnum og 26 í þriggja ára hópnum sem þreyttu prófin. Ekki er merkjanlegur mikill munur á hópnum.



Mynd 4

Mynd 5 sýnir samanburð á einkunnum nemenda í lögfræði á síðasta ári. Eins og sjá má þá er árangur nemenda í lögfræði mjög svipaður og ef eitthvað er þá er hann betri hjá nemendum í þriggja ára náminu. Þess ber þó að geta að allir nemendur, óháð braut, í fjögurra ára námi voru í lögfræði, en aðeins nemendur á viðskiptabraut og nýsköpunar- og listabraut í þriggja ára náminu og voru þeir mun færri.



Mynd 5

Niðurstöður samræmduprófanna og samanburður á einkunnum í öðrum greinum benda sterklega til þess að stytting námstíma til stúdentsprófs hefur lítil sem engin áhrif á getu nemenda til þess að tileinka sér það efni sem lagt er til grundvallar í undirstöðugreinunum stærðfræði og íslensku. Það verður svo áhugavert að fylgjast með því hvernig nemendum úr þriggja ára námi vegnar í háskóla. Vonandi fylgjast háskólar á Íslandi vel með þessum árgöngum og gera úttekt á þeim þegar þeir skila sér til þeirra. Vissulega eru fleiri þættir sem vert er að taka til greina þegar árgangarnir eru bornir saman, eins og líkamlegur og andlegur þroski nemenda sem er enn í mótun. Slíkur samanburður er efniviður í aðra og viðameiri rannsókn og er ekki hluti af þessari úttekt.

Spurningakönnun meðal útskriftarnema

Um leið og nemendur tóku prófin í stærðfræði og íslensku voru þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi val á skóla og braut. Spurningarnar má sjá í *Viðauka 1* en spurningarnar voru unnar af skólanum í samstarfi við Maskínu. Nemendur bæði í þriggja ára námi og fjögurra ára námi eru ánægðir með val sitt á framhaldsskóla og sama er að segja um val á braut. Hins vegar er hópur nemenda sem hefði hugsanlega valið annan skóla ef þeir gætu endurskoðað val sitt núna. Þegar þeir voru spurðir um hvers vegna þá var það greinilegt að nú voru þeir farnir að ígrunda framhaldsnám. Ýmsar ástæður voru nefndar, t.d. „bóknám á ekki við mig“, „vinir mínir eru allir í öðrum skóla“, „þreytt(ur) á að taka alltaf strætó þegar ég bý við hliðina á öðrum skóla“. Varðandi brautarval þá voru flestir ánægðir. Hins vegar var ákveðinn hópur sem var nú búinn að ákveða hvað hann vildi gera í framhaldi af stúdentsprófi og í því samhengi væri önnur braut betri en sú sem hann valdi.

Spurningakönnun meðal kennara

Til að athuga hver hugur kennara væri varðandi nýja þriggja ára námið var lagður spurningarlisti fyrir 40 kennara sem höfðu kennt bæði í þriggja ára námi og fjögurra ára. Kennarar fengu að vita að könnunin væri greinanleg niður á nöfn og tilgangurinn með því væri að eiga kost á að spyrja nánar út í þær ábendingar eða athugasemdir sem kæmu fram. Í *Viðauka 2* eru þær spurningar sem lagðar voru fyrir kennara. Spurningalistinn var unninn af skólanum í samstarfi við Maskínu.

Á heildina litið finnst kennurum sem styttingin hafi tekist fremur vel eða mjög vel. Þeir kennarar sem gerðu athugasemdir nefndu að greinar eins og t.d. raungreinar á náttúrufræðibraut hefðu liðið fyrir styttinguna vegna of mikillar skerðingar. Stjórnendur voru að hluta til sammála þessu og hefur þegar verið gripið til ráðstafana til að bregðast við því.

Kennarar eru almennt sammála að breytingar á kennsluháttum og námsgögnum hafi lítið breyst vegna styttingarinnar sem slíkrar heldur frekar í takt við auknar áherslur á fjölbreyttum kennsluháttum. Einnig hafa kennarar þurft að laga sig að breyttum aðstæðum við val á námsefni, m.a. vegna vöntunar á nýju námsefni á íslensku fyrir þriggja ára námið. Nefndu kennarar að þeir noti efni af netinu mun meira en áður og/eða heimatilbúið efni.

Samhliða styttingunni var ákveðið að gera átak í að auka símat. Það hefur gengið misvel og er greinilegur munur á milli námsgreina og námsbrauta. Það gengur hægst fyrir sig í stærðfræði og raungreinum. Allir eru meðvitaðir um þetta og verða þessi atriði skoðuð nánar.

Þegar kemur að álagi á kennara og nemendur þá er það greinilegt að álag hefur aukist og þá sérstaklega á kennara, og tengist það helst auknu símati. Það er einnig mat kennara að álag á nemendur sé meira í nýrri þriggja ára námsleið og að álagið sé mest á 2. námsári.

Rýnihópaviðtöl

Til að kanna áhrif styttingu námstíma til stúdentsprófs á kennara og nemendur var ákveðið að vera með rýnihópaviðtöl og fengum við aðstoð Maskínu við framkvæmdina. Markmiðið var að kanna áhrif styttingu náms til stúdentsprófs á kennara og bera saman viðhorf nemenda beggja árganga til eigin skólagöngu með það að markmiði að betrubæta þriggja ára nám skólans. Rannsóknin var eigindleg og gerð með rýnihópum (e. focus groups). Þrjár fundir með rýnihópum voru haldnir dagana 18.-26. apríl 2018 í húsakynnum Verzló. Umræðustjóri var Birgir Rafn Baldursson og Þóra Þorgeirsdóttir tók niður punkta meðan á umræðunni stóð, en þau eru bæði frá Maskínu. Guðrún Inga Sívertsen, verkefnastjóri stefnumótunar hjá Verzló, fylgdist með umræðunum en tók ekki beinan þátt.

Guðrún Inga sá um boðun í hópana. Í fyrsta hópi voru kennarar hjá Verzló, einn úr hverri deild, í öðrum hópi voru nemendur sem voru að ljúka námi eftir fjögur ár og í þriðja hópi voru nemendur sem voru að ljúka námi eftir þrjú ár.

Það skal ítrekað að þessi rannsókn var eigindleg og því ekki leitast við að alhæfa um skoðanir nemenda og kennara almennt. Þvert á móti var ætlunin að kafa dýpra ofan í viðhorf fárra í þeim tilgangi að átta sig betur á hvernig til hefur tekist með styttingu náms til stúdentsprófs og hvaða breytingar styttingin gæti hafa haft í för með sér.

Hér á eftir er samantekt á helstu niðurstöðum, tekið saman af starfsmönnum Maskínu, en samantekt á umræðunum og umræðurnar í heild sinni fyrir hvern rýnihóp eru í sérstakri skýrslu frá Maskínu.

Samantekt rýnihópaviðtala

Kennurum fannst að almennt séð hafi stytting náms til stúdentsprófs heppnast vel. Margir sáu þó tækifæri til þess að gera betur og rætt var um að sífellt væri verið að þróa og betrumbæta þriggja ára námið. Margir töldu að aukið samtal milli deilda væri nauðsynlegt, aðallega til þess að stýra og dreifa álagi á nemendur betur. Margir tóku undir þá hugmynd að gott væri að hafa fagstjóra fyrir hverja deild fyrir sig og þeir aðilar myndu vera í samstarfi við fagstjóra annarra deilda varðandi álagspunkta og slíkt. Ekki voru þó allir sammála um að álag væri vandamál enda væri í raun eðlilegur hluti náms að það væri stundum álag.

Flestir töluðu um að þeim þættu nemendurnir í þriggja ára náminu vera móttækilegri fyrir því að læra en sömuleiðis virkuðu þeir mjög þreyttir og undir miklu álagi. Í því ljósi er vert að geta þess að undanfarin ár hafa verið gerðar kannanir meðal nemenda á lokaári Verzlunarskólans þar sem þeir voru m.a. spurðir að því hvenær þeim hefði fundist vera mest álag í skólanum. Mikill fjöldi nemenda sagði álagið hafa verið mest á fyrsta ári. Auk þess höfðu námsráðgjafar í grunnskólum varað við því að álagið gæti orðið of mikið fyrir nemendur á 1. ári í framhaldsskóla ef ekki yrði hugað sérstaklega að stökkinu sem fylgir því að byrja í framhaldsskóla. Af þeim sökum var áföngum ráðað þannig niður á annir að álagið yrði minnst á fyrsta ári en myndi síðan aukast á öðru og þriðja ári. Strax á fyrstu önn kom í ljós að nemendur þyrftu ekki sérstaka aðlögun með tilliti til álags. Nemendur á fyrsta ári komu greinilega í skólann með því hugarfari að nú væru þeir að fara í stíft nám og höfðu margir orð á því að lítið væri að gera. Svipaðar athugasemdir komu frá nokkrum foreldrum. Við þessu var brugðist með því að dreifa áföngum og þar með álagi jafnar á annir. Þessi breyting náði þó ekki til þeirra sem voru í fyrsta árgangi þriggja ára námsins og voru þeir því undir töluvert miklu álagi seinni tvö árin eins og fram kom í viðtölum.

Kennarar sögðu að símat hefði fengið aukið vægi í skólanum á síðustu árum og margir töluðu um að það hefði haft í för með sér aukið álag en það væri þó mismunandi á milli deilda. Raungreinakennararnir töluðu hvað mest fyrir því að halda í lokapróf og sögðu mikilvægt að undirbúa nemendur fyrir það sem tæki við í háskóla. Kennararnir voru þó flestir sammála um að það hentaði fögum misvel að notast við símat. Mörgum fannst því fylgja aukið álag á kennara og einnig var rætt um að erfiðara væri að koma í veg fyrir svindl í símatsáföngum.

Nemendur úr fjögurra ára náminu sem tóku þátt í rýnihópnum voru meirihluti karlkyns og meirihluti hafði verið virkur í nemendafélagi skólans á skólagöngu sinni samanborið við nemendur sem komu úr þriggja ára náminu sem voru meirihluti kvenkyns og minnihluti hafði verið virkur í nemendafélaginu á skólagöngu sinni. Eins og áður kom fram boðaði Verzló í hópana og betra hefði verði ef hóparnir hefðu verið líkari, en það mættu ekki allir nemendur sem höfðu verið boðaðir í hópana og það skýrir að hluta þennan mun milli þeirra.

Báðir hópar voru ánægðir með að hafa valið Verzló og öllum leið vel í skólanum almennt. Nemendur í fjögurra ára náminu töluðu meira um félagslífið þegar þeir voru beðnir að lýsa upplifun sinni af því að vera í Verzló og minna um námið, þó þeir gerðu sér grein fyrir því að námið væri gott. Nemendur í þriggja ára náminu töluðu ekki jafn mikið um félagslífið þegar þeir voru

beðnir að lýsa upplifun sinni af því að hafa verið í Verzló og fleiri minntust á að það hefði verið mikið að gera og mikil vinna.

Nemendum í fjögurra ára náminu fannst álagið alltaf koma á sama tíma yfir önnina en töluðu um að það væri að miklu leyti þeirra eigin ábyrgð að hafa ekki sinnt náminu jafnt og þétt yfir önnina. Nemendurnir í þriggja ára náminu sögðu að álagið væri mjög mikið en voru ekki endilega sammála því að það væri of mikið. Báðir hópar töluðu fyrir því að kennarar mættu dreifa álaginu betur en bentu jafnframt á að það gæti mögulega komið niður á öðrum þáttum eins og störfum í nemendafélaginu eða öðru utan skólans.

Nemendum í fjögurra ára náminu þótti mikilvægt að kennarar töluðu við þá sem jafningja og að þeir tengdu námsefnið við raunverulegar aðstæður. Nemendurnir í þriggja ára náminu töluðu meira um mismunandi kennsluaðferðir og flestum þótti gott að hafa möguleikann á að horfa á fyrirlestra heima og nýta kennslutímana í meiri vinnu.

Báðir nemendahópar voru sammála því að það hentaði fögum misvel að notast við símat eða vera með lokapróf. Talað var um að það væri eðlilegt að hafa lokapróf í raungreinum þar sem þekkingin byggðist upp yfir önnina en í áföngum eins og sögu væri eðlilegra að hafa símat þar sem meira væri farið úr einu í annað. Flestir nemendur voru á því að blandað námsmat, símat og lokapróf, væri best.

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru frekar til í að Verzló væri þriggja eða fjögurra ára skóli þá svöruðu allir nemendurnir í fjögurra ára náminu að þeir hefðu ekki verið til í að vera skemmri tíma í skólanum en allir, nema einn, í þriggja ára náminu voru sáttir við að vera í þrjú ár. Nemendurnir í þriggja ára náminu tóku margir fram að það væri vegna þess að þeir hefðu verið undir svo miklu álagi á þessum þremur árum að þeir væru ekki til í annað slíkt ár en það væri mögulega öðruvísi ef þeir hefðu verið í fjögurra ára náminu.

Niðurstöður

Það er samdóma álit þeirra starfsmanna Verzlunarskólans sem komu að þessari úttekt að ekki væri hægt að segja annað en að styttingin hafi tekist vel. Þó er ýmislegt sem má laga og annað sem hefur verið lagfært enda skólastarf almennt í sífelldri þróun. Að mörgu þarf að huga þegar námstíminn styttist um eitt ár. Stjórnendur sem og aðrir starfsmenn skólans eru meðvitaðir um áhrifin sem styttingin getur haft á félagslíf nemenda. Það hefur markvisst verið unnið að því, með nemendafélagi skólans, að auka þátttöku nemenda á 1. ári.

Það er mat okkar að mjög mikilvægt var að ráðast í úttekt sem þessa. Skólinn stóð frammi fyrir því að hafa í höndunum samanburðarhóp nemenda sem tilvalið var að mæla til að meta áhrif styttingar náms til stúdentsprófs. Skólinn stefnir að því að gera sambærilega úttekt á þeim hóp nemenda sem útskrifast vorið 2019 og bera saman þær niðurstöður við þessa úttekt.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru:

- nemendur í þriggja ára náminu komu jafnvel eða betur út í þeim prófum sem lögð voru fyrir báða útskriftarárganga.
- nemendur í báðum hópum eru almennt mjög ánægðir með val sitt á skóla og líður vel í Verzló
- starfsmenn eru almennt ánægðir með námsframboð skólans og finnst að vel hafi til tekist að innleiða breytingar á námstíma til stúdentsprófs
- í langan tíma hefur borið á námsleiða hjá nemendum á síðasta ári í fjögurra ára námi, en ekki hefur orðið vart við það hjá 1. árgangnum í þriggja ára náminu
- misjafnar skoðanir eru á símati meðal kennara og nemenda
- símat getur haft neikvæð áhrif á félagslíf nemenda að þeirra mati
- álag á kennara hefur aukist, t.d. vegna símats. Álag á nemendur hefur aukist en þó segja nemendur það ekki neitt yfirþyrmandi, nema þá hjá þeim sem eru mikið í tómstundum samhliða námi og/eða í vinnu.
- kennsluhættir og námsmat hafa tekið breytingum í mörgum greinum en hvort ástæðan sé stytting námstímans eða eðlileg þróun í skólastarfi var ekki kannað sérstaklega

Viðauki 1

Svör við þessum spurningum eru ekki rekjanleg niður á einstaka nemendur.

3. ára nám

6. bekkur

Alþjóðabraut Nýsköpunar- og listabraut Náttúrufræðibraut
Viðskiptabraut

1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með að hafa valið að fara í Verzló?
 - a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Fremur ánægð(ur)
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)

2. Ef þú fengir annað tækifæri til að velja framhaldsskóla í dag, hvaða skóla myndir þú þá velja?

3. Af hverju myndir þú velja þann skóla?

4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þá braut sem þú valdir í Verzló?
 - a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Fremur ánægð(ur)
 - c. Í meðallagi
 - d. Fremur óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)

5. Ef þú fengir annað tækifæri til að velja braut í Verzló í dag, myndir þú þá velja aðra braut eða þá sömu?
 - a. Velja aðra braut
 - b. Velja sömu braut

6. Af hverju myndir þú velja aðra braut/ Af hverju myndir þú velja sömu braut?

7. Hversu mikið eða lítið álag finnst þér hafa verið almennt á þér í náminu?
- Allt of mikið álag
 - Mjög mikið álag
 - Fremur mikið álag
 - Í meðallagi
 - Fremur lítið álag
 - Mjög lítið álag
 - Allt of lítið álag
8. Hversu mikið eða lítið hefur þú tekið þátt í félagslífinu í Verzló?
- Mjög mikið
 - Fremur mikið
 - Í meðallagi
 - Fremur lítið
 - Mjög lítið/Alls ekkert
9. Ef þú hefðir fengið að velja, hvort hefðir þú valið að vera í 3ja ára námi eða 4ra ára námi í Verzló?
- Hefði valið 3ja ára nám
 - Skiptir ekki máli
 - Hefði valið 4ra ára nám

Viðauki 2

Úttekt á þriggja ára námi Verzlunarskólans

Takk fyrir að taka þátt í úttektinni á þriggja ára námi skólans. Tilgangur þessarar úttektar er að skoða og meta hvað hefur breyst með styttingu náms til stúdentsprófs í skólanum, þ.e. kennsluhættir, námsmat og námsgögn. Svör þín eru tengd við nafnið þitt en verða hvergi birt. Einungis verða þau notuð í úrvinnslu úttektarinnar.

1. Finnst þér hafa tekist vel eða illa til með styttingu náms til stúdentsprófs í Verzlunarskólanum?

- Mjög vel
- Fremur vel
- Í meðallagi
- Fremur illa
- Mjög illa

2. Að þínu mati, hafa orðið miklar eða litlar breytingar á námsmati í áföngum þessar deildar?

- Mjög miklar
- Fremur miklar
- Nokkrar
- Fremur litlar
- Mjög litlar/Alls engar

3. Hvernig breytingar hafa orðið á námsmati? Ef þú telur þær litlar, finnst þér að þær hefðu átt að vera meiri? Ef þér finnst þær hafa verið miklar, finnst þér þær hafa verið of miklar?

4. Hafa orðið miklar eða litlar breytingar á kennsluháttum í þeim áföngum sem þú kennir í þriggja ára náminu?

- Mjög miklar
- Fremur miklar
- Í meðallagi
- Fremur litlar
- Mjög litlar/Alls engar

5. Hvernig breytingar hafa átt sér stað? Ef þú telur þær miklar, ert þú sátt(ur) eða ósátt(ur) við þær breytingar? Ef þú telur breytingarnar litlar, finnst þér að breytingar væru æskilegar eða ekki?

6. Finnst þér álag á þér sem kennara hafa aukist eða minnkað með tilkomu þriggja ára námsins?

- Aukist mikið
- Aukist nokkuð
- Staðið í stað
- Minnkað nokkuð
- Minnkað mikið

7. Ef álag hefur aukist, á hvaða hátt hefur álagið aukist og hvers vegna? Ef álag hefur minnkað, á hvaða hátt hefur álagið minnkað og hvers vegna?

8. Hafa orðið miklar eða litlar breytingar á námsgögnum í þeim áföngum sem þú kennir í þriggja ára náminu miðað við fjögurra ára námið?

- Mjög miklar
- Fremur miklar
- Nokkrar
- Fremur litlar
- Mjög litlar/Alls engar

9. Ef það hafa orðið breytingar, hvernig breytingar hafa orðið? Ert þú sátt(ur) við þau námsgögn sem boðið eru upp á? Telur þú æskilegt að gera breytingar á námsgögnum þeirra áfanga sem þú kennir?

10. Hefur inntak einstakra greina sem þú kennir breyst mikið eða lítið?

- Mjög mikið
- Fremur mikið
- Nokkuð
- Fremur lítið
- Mjög lítið/Alls ekkert

11. Ef inntak einstakra greina hefur breyst, hvernig hafa þær breytingar orðið og eru þær jákvæðar eða neikvæðar? Ef inntak einstakra greina hefur ekki breyst, væri æskilegt að breyta þeim og þá hvernig eða ekki?

12. Finnst þér námsframboð skólans hafa breyst mikið eða lítið með tilkomu þriggja ára námsins?

- Mjög mikið
- Fremur mikið
- Nokkuð
- Fremur lítið
- Mjög lítið/Alls ekkert

13. Ef námsframboðið hefur breyst, á hvaða hátt? Ef það hefur ekki breyst, finnst þér að það ætti að gera breytingar og þá hvernig?

14. Hversu mikið eða lítið álag telur þú að sé almennt á nemendum í fjögurra ára náminu?

- Mjög mikið
- Fremur mikið
- Nokkuð
- Fremur lítið
- Mjög lítið/ekkert

15. Hversu mikið eða lítið álag telur þú að sé almennt á nemendum í þriggja ára náminu?

- Mjög mikið
- Fremur mikið
- Nokkuð
- Fremur lítið
- Mjög lítið/ekkert

16. Hvar telur þú að mesta álagið sé á nemendum í þriggja ára náminu?

- 1. ári
- 2. ári
- 3. ári

17. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þriggja ára nám skólans?